



Þríprautarsamband
ÍSLANDS

Þ I N G G E R Ð

7. þríprautarþings þríprautarsambands Íslands laugardaginn 25. febrúar 2023 er fram fór í
Tækniskóla Íslands og hófst klukkan 15.00

Þríprautarþing fer fram í samræmi við dagskrá samkvæmt lögum sambandsins og þingboði.

Þingsetning.

Valerie Maier forseti setti þingið og bauð gesti velkomna. Jafnframt var óskað eftir athugasemdum við þingboðun. Engar athugasemdir bárust og var boðun þess lýst lögmætt.

Ávarp gesta

Kolbrún Sigurgeirsdóttir, stjórnarmaður ÍSí, ávarpar þingið. Hún biður öll velkomin á þingið fyrir hönd ÍSí og færir kveðjur frá formanni sambandsins. Í ræðu sinni nefnir hún gott samstarf ÞRÍ og ÍSí og leggur áherslu á að ÞRÍ byggji upp unglunga- og afrekstarf til framtíðar litið. Tekin er fram ánægja með að ÞRÍ hafi siðanefnd og lögð áhersla á að starf samskiptafulltrúa ÍSí standi til boða í öllum þeim álitaeftum sem upp kunna að koma og rúmast innan starfssviðs hans. Þá eru kynnt fyrirhuguð útgáfa á leiðbeiningum um vandaða stjórnarhætti sem ÍSí hefur unnið að undanfarið. Er einnig er fjallað um yfirstandandi endurskoðun reglna um afrekssjóð. Að endingu er áréttað mikilvægi þess að hlúa vel að sjálfbóðaliðum íþróttarinnar en heilt yfir hefur gengið verr að manna stöður og embætti innan allra íþróttá á vegum ÍSí auk þess sem sífellt er erfiðara að fá sjálfbóðaliða til að taka þátt.

Kosning þingforseta

Hákon Jónsson er kosinn með atkvæði allra.

Kosning þingritara.

Ingi Poulsen er kosinn með atkvæði allra.

Fram fer kjör í kjörbréfanefnd:

Lagt var til að Margrét J. Magnúsdóttir, Geir Ómarsson og Jón Orri Jónsson yrðu tilnefnd í kjörbréfanefnd. Komu engin önnur framboð og voru þau því kjörin með atkvæði allra.

Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.



Þríprautarsamband ÍSLANDS

Valerie Maier, forseti ÞRÍ, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir liðið starfsár og þá vinnu sem framundan er í starfi stjórnarinnar.

Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga ÞRÍ.

Margrét Ágústsdóttir, gjaldkeri sambandsins, fer yfir reikninga ÞRÍ. Reksturinn stendur styrkum fótum og eru óverulegar breytingar á reikningum á milli ára. Fram fer umræða um reikninga sambandsins.

Reikningar eru bornir undir þingið og samþykktir með atkvæði allra.

Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld.

Margrét Ágústsdóttir, gjaldkeri ÞRÍ, leggur fram og fjallar um fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil. Ekki er lögð fram tillaga um breytingar á félags- og keppnisgjöldum.

Samþykkt með atkvæðum allra.

Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara.

Fram eru lagðar lagabreytingar. Breytingarnar hafa verið unnar í samráði allra félaga og stjórnar. Ingi Poulsen, ritari stjórnar, fer yfir lagabreytingar. Engar tillögur aðrar hafa borist um lagabreytingar

Lagabreytingarnar samþykktar með atkvæði allra.

Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Engar tillögur eða önnur mál hafa borist.

Önnur mál.

Engin önnur mál eru borin upp.

Álit kjörnefndar.

Kjörbréf gefur álit sitt þess efnis að kjörbréf séu öll fullgild.

Samþykkt með atkvæði allra.

Kosning forseta



Þríprautarsamband ÍSLANDS

Ekki er komið að kosningu forseta í ár og því fellur sá liður niður.

Kosning stjórnar sbr. 9. gr.

Kosið var um tvö sæti aðalmanna til tveggja ára og þrjú sæti varamanna til eins árs. Til setu í stjórn í tvö ár eru í framboði þau Sveinn Símonarson og Margrét J. Magnúsdóttir og voru þau því sjálfkjörin.

Í framboði til setu sem varamenn í stjórn til eins árs voru þau Hildur Andrjesdóttir, Katrín Pálsdóttir og Ragnar Fjalar Sævarsson. Voru þau sjálfkjörin.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru kjörin Björg Kjartansdóttir og Baldur Sæmundsson.

Kosning formanna í nefndir

Í siðanefnd er í framboði Ingi B. Poulsen, í mótanefnd er Jose Jorge í framboði, í dómaranefnd er Margrét J. Magnúsdóttir í framboði, í fræðslu- og útbreiðslunefnd er Katrín Pálsdóttir í framboði og í afreksnefnd er Sædís Jónsdóttir í framboði. Engin mótframboð voru og því eru allir formenn sjálfkjörnir.

Kosning kjörnefndar til eins árs

Geir Ómarsson, Hákon Jónsson og Sveinn Símonarson eru öll í framboði og sjálfkjörin.

Kosning fulltrúa og varafulltrúa ÞRÍ á Íþróttapeing ÍSÍ árið sem Íþróttapeing fer fram, skv. lögum ÍSÍ.

Valerie Maier og Geir Ómarsson ein í framboði og því sjálfkjörin.

Þingslit eru kl. 16.15